

Sendandi: Svavar Kjarrval

Dagsetning: 15. desember 2022

Nr. þingmáls: 2

Heiti þingmáls: Breyting á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2023

Í 22. gr. frumvarpsins, eins og það er á þingskjali 2, er kveðið á um að áhrif undantekningarinnar sem bráðabirgðaákvæðið eigi að ná til sóknargjaldsins sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga.

Þess ber að geta að lífsskoðunarfélög eiga einnig hlutdeild í þeim greiðslum. Með þessu orðalagi er því í raun verið að segja að lífsskoðunarfélög séu utan þessarar undantekningar.

Sé litið yfir bráðabirgðaákvæðin sem eru þá þegar í lögum um sóknargjöld, nr. 91/1987, er eingöngu einu sinni minnst á lífsskoðunarfélög í því sambandi, þ.e. árið 2014. Lagatúlkun á þessu sviði, og vegna þess eðlis að þetta er undantekning, hallast að því að túlka áhrifin þröngt og þar hafa greinargerðir og yfirlýsingar á þingi miklu minni áhrif. Þá spilar einnig inn gagnályktun um að löggjafinn hafi tekið afstöðu til lífsskoðunarfélaga árið 2014 en ekki gert það síðar. Lífsskoðunarfélög gætu því með réttu sóst eftir að sóknargjöld þeirra verði endurreiknuð miðað við þróun frá árinu 2014 líkt og bráðabirgðaákvæðin frá og með 2015 eigi ekki við um þau.

Í frumvarpi þessu virðast ætlunin vera að viðhalda þessum áframhaldandi mistökum.